

14. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 21. gr. reglugerðar nr. 873/2001, um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur, voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar þann 28. október 2003 og öðlast þegar gildi.

Syðra-Laugalandi, 14. nóvember 2003.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Leifsstaða í Eyjafjarðarsveit.

Breytingin felur í sér breytta aðkomu að lóðum nr. 8, 9 og 10. Jafnframt færast mörk þeirra um 10 metra til vesturs. Ný lóð, nr. 6, bætist við á svæðið.

Eyjafjarðarsveit, 14. nóvember 2003.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999 um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur var/er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða 1. september 2000 til 31. desember 2005.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Endurgreiðsluheimild skv. 1. gr. er bundin við hópferðabifreiðir, sem nýskráðar eru á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2005 og búnar eru aflvélum samkvæmt EUR02 staðli ESB, eða sambærilegum aflvélum. Með hópferðabifreiðum er átt við ökutæki sem aðallega er ætlað til fólksflutninga og skráð er fyrir 18 menn eða fleiri að meðtöldum ökumanni. Heimildin tekur ekki til almenningsvagna.